

## Liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar - 2021

**Liðafjöldi og skipulag:** Hámarksliðafjöldi er sextán lið og þá er leikið í fjögurra liða riðlum þar sem allir spila við alla. Forgangur í mótið ræðst af tímasetningu skráningar, þeir fyrstu fá þátttökurétt. Verði þáttökulið færri en 16 þá hefur mótanefnd heimild til þess að fækka liðum niður í 8 eða riðlar verði skipaðir færri liðum.

Þegar úrslit í riðlum liggja fyrir verður leikið til úrslita með útsláttarfyrirkomulagi. Efstu tvö liðin í hverjum riðli komast áfram í átta liða úrslit séu sextán lið sem taka þátt. Dregið verður í riðla að skráningu lokinni.

**Leikfyrirkomulag:** Í hverri umferð er leikinn einn fjórmenningur (Foursome) og tveir tvímenningar (Singles) með forgjöf. Karlar leika af gulum teigum og konur af rauðum teigum. (Karlar 70 ára og eldri mega leika á rauðum ef það kjósa). Hver leikur gefur eitt stig. Ef leikir í riðlakeppninni eru jafnir eftir átján holur skal leik hætt og hvort liðið fær hálf stig. Í útsláttarkeppni skal leika alla leiki til úrslita nema ef úrslit leiksins liggja fyrir, þá teljast jafnir leikir eftir átján holur hálfaðir. Allir bráðabana eru leiknir með forgjöf og eiga lið forgjöf á sömu holur og í hefðbundnum leik. Úrslit í riðlakeppni ráðast af fjölda þeirra stiga sem lið hljóta í keppninni. Verði lið jöfn að stigum ræður innbyrðis leikur. Ef enn er jafnt ræður fjöldi sigra í fjór- og tvímenningum röð. Ef úrslit liggja ekki enn fyrir skal leika bráðabana frá fyrstu braut um röð. Hvert lið teflir fram einu fjórmenningu. Bráðabani er leikinn með forgjöf.

**Liðsskipan:** Hvert lið getur verið skipað allt að sjö leikmönnum. Lágmarksfjöldi í liði er fimm leikmenn. Í hverjum leik spila fjórir leikmenn og er liðsskipan leiksins tilkynnt á leikdegi áður en leikur hefst. Leikmenn þurfa að vera félagsmenn GL. Hver leikmaður getur aðeins tekið þátt með einu liði. Ekki er hægt að skrá nýjan leikmann í lið eftir að riðlakeppninni lýkur.

Fyrirliði skal fylla út þar til gert eyðublað sem er til taks að Garðavöllum. Áður en leikur hefst skiptast fyrirliðar á eyðublöðum og þá er ljóst hverjir leika gegn hverjum.

**Útreikningur forgjafar:** Í liðakeppni Blikksmiðju Guðmundar er leikin holukeppni með forgjöf. Hámarksleikforgjöf er 36. Liðsmenn verða að hafa virka forgjöf.

Í tvímenninguleikjum er forgjöf mismunur á leikforgjöf keppenda. **Dæmi:** Leikmaður A fær 15 í vallarforgjöf og leikmaður B fær 16. Mismunurinn er 1 og fær því leikmaður B forgjöf á erfiðustu holu vallarins.

Í fjórmenningsleikjum er fyrst fundið meðaltal leikförgjafar liðsfélaga. Forgjöf leiksins er síðan fundin út með mismun á meðaltalsleikförgjöf liðanna. **Dæmi:** Liðsfélagarnir A og B eru með 16 og 12 í vallarforgjöf. Þeir eru því með 14 í meðal vallarforgjöf. Þeir eru að spila í fjórmennningi gegn C og D. C er með 8 í forgjöf og D er með 12. Þeir eru því með 10 í meðal vallarforgjöf. A og B fá því eitt högg í forgjöf á fjórar erfiðustu holur vallarins.

### **Loka leikdagar.**

Riðlakeppnin eru 3 leikir og verða lið að ljúka leik á tilsettum tíma. Lið koma sér saman um leikdag.

*Umferð 1, skal vera lokið 30. maí.*

*Umferð 2, skal vera lokið 13. júní.*

*Umferð 3, skal vera lokið 27. júní.*

*8 liða úrslit, skulu vera lokið 18. júlí.*

*Undanúrslit skulu vera lokið 25. júlí.*

*Úrslitaleikurinn verður auglýstur síðar.*

**Mikilvægt er að halda þessa tímaáætlun. Ofangreindar dagsetningar eru leikdagar umferðanna ef lið koma sér ekki saman um dagsetningu fyrr. Ef annað hvort liðið kemst ekki á leikdegi, dæmist aðstæðingum þess sigur. Ef hvorugt liðið getur keppt þá skal kasta upp hlutkesti.**

*Þátttökugjald er 35.000 kr á lið. Sigurliðið hlýtur verðlaun sem verða afhent í lokahófi deildarinnar.*

Skráning á [leynir@leynir.is](mailto:leynir@leynir.is) fyrir 15.maí 2021